

Allir starfsmenn Vestmannaeyjabæjar skulu, við andlát nákomins ættingja/aðstandanda, ef nauðsyn krefur, eiga rétt á allt að hálfmánaðar frí á reglubundnum launum skv. fyrirfram ákveðnum vinnutíma. Með því er átt við mánaðarlaun auk fastra greiðslna, svo sem fyrir yfirvinnu, vakta- og gæsluvakta- og óþægindalág. Samskonar réttindi eru í mörgum kjarasamningum opinberra starfsmanna, en samþykktin eykur réttindi starfsmanna í stéttarfélögum þar sem ekki er að finna slík ákvæði í þeim tilgangi að jafna rétt starfsmanna Vestmannaeyjabæjar. Komi til aukinna réttinda umfram þessa samþykkt í einstaka kjarasamningum gildir slíkt ákvæði einungis fyrir þá starfsmenn sem taka laun eftir viðkomandi kjarasamningi.

Ætli starfsmaður að vera viðstaddur útför nákomins ættingja/aðstandanda reiknast fjarvera innan þessarar samþykktar.

Samþykkt á fundi bæjarráðs
þann 19. Febrúar 2019